



## Lýsing á umhverfi

Eyjólfsstaðaskógur þekur hluta af hlíðinni á Austur-Völlum og nær upp í um 250 m h.y.s. Flatarmál skógarins er 172 ha. Fjöldi lækja fellur niður hlíðina og eru stærstir Sellækur - með nokkrum fögnum fossum - og Kaldá. Sumir lækjanna hafa grafið djúpa farvegi, sem setja svip á landslagið. Kletthryggir eru í neðanverðri hlíðinni utan til í skóginum og er af þeim gott útsýni yfir Héraðið.



Skógurinn er að mestu fremur lágvaxinn og sligaður af snjóþyngslum. En víða standa upp úr fagrar birkiþyrpingar, allt að 6-7 m háar. Hæsta birkitréð í skóginum er 8 m hátt. Fagurt reynitré er í hjallanum ofan við Blöndalsbúð. Það á hvergi sinn líka á Íslandi. Sama er að segja um gulvíðitré, sem er við veginn hjá jólatrjáækrinni sunnan við Blöndalsbúð. Það er einstofna með afar breiðri krónu. Einirunnar



eru víða í skóginum, sumir miklir um sig. Yfir 20 tegundir af fléttum hafa fundist á birkitrjám, víða mjög fagrar. Sums staðar eru miklar breiður af hinni austfirsku sjöstjörnu (*Trientalis europea*) og ein friðlýst jurt finnst, ferlaufungur (*Paris quadrifolia*). Berserkjasveppur breiðist nú ört út í teigum af blágreni og hvítgreni.


## Skógrækt á Eyjólfsstöðum

Skógurinn er að mestu vaxinn birki. Barrviðir voru fyrst gróðursettir 1949, en aðallega á árunum 1957-1974, mest grenitegundir, sem vaxa eins og best gerist á Íslandi. Nú eru þær eingöngu gróðursettir í jólatrjáareiti. Alls hafa verið gróðursettir 74 þúsundir barrplantna af 14 tegundum í 11 ha. Sala jólatrjáa hefur um árabíl verið ein af tekjulindum félagsins. Fólk fær sjálft að velja sér jólatré á rót. Elstu barrtrjáteigarnir hafa verið grisjaðir einu sinni og önnur umferð er hafin.



## Skógræktarfélag Austurlands

Fljótsdalshérað er nú félagssvæði Skógræktarfélags Austurlands en var upphaflega Múlasýslur báðar. Eyjólfsstaðaskóg á Völlum hefur verið aðalstarfsvettvangur félagsins en auk þess hefur það styrkt einstaklinga til þess að rækta skógarreiti. Á 60 ára afmæli félagsins 1998 var vígt hús í skóginum og skírt Blöndalsbúð, til heiðurs Sigurði Blöndal fyrrverandi skógræktarstjóra. Það er bæði félagsheimili og orlofsbústaður. Grunnskólabörn dvelja þar oft og skoða náttúruna undir handleiðslu kennara.



## Opinn skógur

Opinn Skógur er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna og Olís og Alcan á Íslandi. Markmið verkefnisins er að opna skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi verður til fyrirmyndar. Lögð er áhersla á upplýsingar, þannig að gestir fræðist um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis. Með öflugum stuðningi - Olís og Alcan á Íslandi - opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.



Brautryðjendur Opinna skóga:




Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík,  
sími 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is

## Eyjólfsstaðaskógur Fljótsdalshéraði




OPINN SKÓGUR

Skógræktarfélag Austurlands




Reynivellir

Blöndalsbúð



Foss

Útsýni af Selhnaus



## Eyjólfsskógur

Skógræktarfélag Austurlands keypti Eyjólfsskóg á Völlum 1944. Eyðibýlið Einarssstaðir, neðan við skógin inn Kaldá, fylgdi með í kaupnum. Um 1970 var lagður vegur að skóginum upp að Kaldá, þegar Alþýðusamband Austurlands keypti Einarssstaði og reisti þar 30 orlofsbústaði. Skógræktarfélagið reisti 13 bústaði í skóginum næst landamerkjum Úlfssstaða, þar sem einnig er risin sumarþústaðabyggð. Kaldá var brúuð 1986 og fyrsti skógarvegurinn var lagður í framhaldi af því. Nú eru vegir í skóginum orðnir 5,9 km að lengd og eru jafnframt ágætir göngustígar. Skógurinn hefur mikið aðdráttarafl fyrir íbúa og gesti Fljótshéraðs.



## Gönguleiðir

|               |           |
|---------------|-----------|
| — Skógarvegir | — Akvegur |
| — Göngustígar |           |
| — 700 m       | — 1100 m  |
| — 540 m       | — 470 m   |



Bílfélastæði



Grill



Borð og bekkir



Upplýsingar



Útsýni



Trjásafn

